

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 13. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „vörur“ og „vörum“ í 1. másl. kemur: og þjónustu.
- b. Á eftir orðunum „vörunnar“ og „framleidd“ í 2. másl. kemur: eða þjónustunnar, og: eða þjónustan látin í té.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „vel þekkt“ í 7. tölul. kemur: alþekkt.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: ef villast má á merkinu og merki sem verið hefur í notkun í öðru landi, á þeim tíma er umsókn var lögð inn eða frá forgangsréttardegi, og er enn notað þar fyrir sömu eða líkar vörur/þjónustu og yngri merkið óskast skráð fyrir og umsækjandi vissi eða hefði mátt vita um erlenda merkið.
- c. Í stað orðanna „4.–8. tölul.“ í 2. mgr. kemur: 4.–9. tölul.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „jafnframt veittur frestur til að skýra mál sitt“ í lok fyrri málsliðar kemur: honum veittur kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Komi ekki fram athugasemdir frá umsækjanda né lagfæring á umsókninni innan tilskilins frests skv. 1. mgr. skal umsókn felld úr gildi.  
Að beiðni umsækjanda skal umsókn tekin fyrir á ný ef hann innan tveggja mánaða frá því að tilskilinn frestur skv. 1. mgr. rann út tjáir sig um málið eða lagfærir umsóknina enda greiði hann endurupptökugjald.

#### 4. gr.

Við síðari málslið 1. mgr. 22. gr. laganna bætist: og þeim fylgja tilskilið gjald.

## 5. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo:

Einkaleyfastofan getur að beiðni eiganda og gegn greiðslu tilskilins gjalds hlutað umsókn sem inniheldur fleiri en einn vöru- eða þjónustuflokk sundur í tvær eða fleiri umsóknir. Í beiðni skal tilgreint til hvaða vöru- eða þjónustuflokks hver umsókn skuli taka eftir hlutunina. Þegar beiðni um hlutun hefur verið meðhöndluð fær sú umsókn sem verður til nýtt sjálfstætt umsóknarnúmer en sama umsóknar- og forgangsréttardag og grunnskráningin. Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum.

Einkaleyfastofan getur að beiðni eiganda og gegn greiðslu tilskilins gjalds hlutað skráningu sem inniheldur fleiri en einn vöru- eða þjónustuflokk sundur í tvær eða fleiri skráningar. Í beiðni skal tilgreint til hvaða vöru eða þjónustuflokks hver skráning skuli taka eftir hlutunina. Þegar beiðni um hlutun hefur verið meðhöndluð fær sú skráning sem verður til nýtt sjálfstætt skráningarnúmer en sama umsóknar-, forgangsréttar- og skráningardag og grunnskráningin. Ákvörðun um hlutun skal birt í ELS-tíðindum.

## 6. gr.

Í stað orðanna „með dómi, sbr. 28. gr.“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: með dómi eða ákvörðun Einkaleyfastofunnar, sbr. 28. gr. og 30. gr. a.

## 7. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Að beiðni eiganda vörumerkjaskráningar skal umsókn um endurnýjun tekin fyrir ef hann innan tveggja mánaða frá því að frestur skv. 1. mgr. rann út leggur inn umsókn um endurnýjun og greiðir tilskilið endurupptökugjald.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „með dómi“ í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: eða ákvörðun Einkaleyfastofunnar.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 

Sé ógildingar krafist á grundvelli ruglingshættu við eldra merki er aðeins hægt að verða við þeirri kröfu að sá sem krefst ógildingar sýni fram á að notkun hins eldra merkis hafi verið í samræmi við 25. gr. Ef aðeins er sýnt fram á notkun fyrir hluta þeirrar vöru eða þjónustu gildir ákvæði 5. mgr. 25. gr.

## 9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo:

Eftir að merki hefur verið skráð og andmæla- og/eða áfrýjunarfrestir eru liðnir getur hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta krafist þess að Einkaleyfastofan felli úr gildi skráningu ef skilyrði 28. gr. eru uppfyllt. Krafan skal vera skrifleg og henni skal fylgja rökstuðningur og tilskilið gjald.

Tilkynna skal eiganda skráningarinnar um kröfuna og hefur hann rétt til að tjá sig um málið innan tilskilins frests áður en Einkaleyfastofan tekur ákvörðun í málinu. Taki Einkaleyfastofan ákvörðun um ógildingun skráningar í heild eða að hluta skal birta tilkynningu þar að lútandi í ELS-tíðindum. Ekki er unnt að gera kröfu skv. 1. mgr. um ógildingun ef mál vegna sömu skráningar er til meðferðar fyrir dómstólum.

Ef dómsmál er höfðað vegna skráningar á sama grundvelli og fram kemur í kröfu skv. 1. mgr. og áður en Einkaleyfastofan hefur tekið endanlega ákvörðun skal Einkaleyfastofan fresta meðhöndlun málsins þar til niðurstaða dómstóls liggur fyrir.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. Orðin „innan þriggja mánaða frá skráningar- eða innfærsludegi“ í fyrri málslíð falla brott.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Eigandi umsóknar eða skráningar vörumerkis getur lagt fram beiðni um að augljósar villur sem fram koma í umsókn eða skráningu verði leiðréttar.

## 11. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef skráning uppfyllir ekki skilyrði 28. gr., sbr. 30. gr. a.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Eigandi vörumerkis, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Einkaleyfastofan skal hafa samskipti við umsækjendur og eigendur vörumerkjaskráninga eða umboðsmenn þeirra á íslensku. Í undantekningartilvikum getur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum.

## 13. gr.

64. gr. laganna orðast svo:

Öllum er heimilt að kynna sér efni vörumerkjaumsókna og skráninga. Vörumerkjaumsóknir eru aðgengilegar frá fyrsta virka degi eftir móttöku.

Einkaleyfastofunni er óheimilt að veita almenningi aðgang að fylgiskjölum eða gögnum í heild eða að hluta sem geyma viðskiptaleyndarmál og varða almennt ekki skráningu merkis eða einkarétt á merki.

## 14. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur nánari reglur um frágang vörumerkjaumsókna og meðferð þeirra eða skráðra vörumerkja hjá Einkaleyfastofunni, um form vörumerkjaskrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskrifteina og efni þeirra og meðferð andmæla- eða ógildingarmála, svo og um gjöld fyrir áfrýjanir. Þá setur ráðherra nánari reglur um áfrýjun og áfrýjunarnefnd.

## 15. gr.

Á eftir 65. gr. laganna kemur ný grein, 65. gr. a, sem orðast svo:

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum og þóknun fyrir þá þjónustu sem Einkaleyfastofan veitir.

Gjöld, þar á meðal umsóknar- og endurnýjunargjöld, skulu standa undir kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna vörumerkja og við þjónustu sem veitt er, m.a. fyrir lands-

bundnar og alþjóðlegar umsóknir um vörumerki, könnun Einkaleyfastofunnar á form- og efnisskilyrðum umsókna, þjónustu vegna rannsókna vörumerkjaumsókna, útgáfu og fram-sendingu forgangsréttarskjala, skráningu vörumerkja og endurupptöku, meðferð skv. 22. gr., birtingu í ELS-tíðindum, breytingar á vörumerkjaskrá og útskriftir úr skránni og önnur þjón-ustuverkefni.

Gjaldskrá þjónustugjalda skal m.a. taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum og alþjóðlegri samvinnu.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi eiga jafnframt við um vörumerkjaumsóknir sem fengið hafa umsóknardag fyrir gildistöku laga þessara, svo og vörumerki sem voru skráð fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 12. júní 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Steingrímur J. Sigfússon.*